

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1986

Nr. 61

166

23. apríl 1986

LÖG

um breyting á lögum um almannatryggingar,
nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. tölul. 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðast svo:

- c. Ferðakostnað að $\frac{3}{4}$ hlutum með áætlunarbíl eða strætisvagni, eða skv. kílómetragjaldi ef áætlunarferðir eða strætisvagnaferðir eru ekki fyrir hendi, þegar sjúklingur þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni á sjúkrahúsi eða sjúkrahúsföngun, svo sem í endurhæfingu eða sjúkraþjálfun, með eða án innlagningar, þótt vegalengs sé skemmri en 15 km, enda séu ferðir fleiri en 30 á sex mánaða tímabili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.